

manninum nafn sitt og heimilisfang, einnig að kærður hafi stagast á því, að engin ástæða væri til að skrifa sig upp og jafnframt að sýslumaðurinn hefði látið það í ljósi, að þessi framkoma kærðs bæri vott um það, að hann væri ölvaður.

Vitnið Bjarni Jónsson, hefir hinsvegar borið það, að það hafi alls ekki getað séð, að kærður væri undir áhrifum áfengis, og ekki vitað til, að hann hefði bragðað áfengi þennan dag, en hinsvegar kveður það, að kærður hafi ekki sagt sýslumanninum strax til nafns síns og kveðst það hafa sagt við kærðan, að hann skyldi segja til nafns síns, en það þorir ekki að fullyrða neitt um það, að það hafi verið fyrir þessi orð sín, að kærður sagði til nafns síns.

Vitnið Þorsteinn Sigmundsson, sem sá kærðan öðru hvoru þennan dag og var nálægur, er sýslumaður hitti kærðan við Sogsbrúarsporðinn, hefir borið það, að það hafi alls ekki verið unnt að sjá, að kærður væri undir áhrifum áfengis þennan dag, og jafnframt hefir það haldið því fram, að kærður hafi sagt sýslumanni til nafns síns án nokkurs atbeina félaga hans, en það kveður, að kærður hafi spurt sýslumanninn að því fyrst, hvers vegna han vildi vita nafn sitt.

Vitnið Albert Siggeirsson hefir borið það sama.

Með því að það þykir ósannað, eftir því sem fram er komið í málinu, að kærður hafi verið ölvaður í þetta umrædda sinn, verður að áliti dómarans að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli, og málskostnaður greiðist af almannafé.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Fimmtudaginn 21. marz 1929.

Nr. 48/1928. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjar-sjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Verzlunarfélagi Vestmannaeyja h/f.

(Enginn).

Frávísun.

Úrskurður fúgetaréttar Vestmannaeyja 21. júlí 1928: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu stefndu hefir enginn mætt í hæstarétti, og hefir málið því verið rekið þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Við niðurjöfnun aukaútsvara í febrúarmánuði 1927 gjörði niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar Verzlunarfélagi Vestmannaeyjakaupstaðar h/f. að greiða 5000 kr. aukaútsvar, og er útsvarið var ekki greitt í tæka tíð, krafðist bæjarstjórnin, að það yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað með úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja 21. júlí f. á.

Úrskurði þessum hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 25. ágúst f. á., og hefir stjórn nefnds hlutafélags, þeim Helga Benediktssyni, Jóni Einarsyni og Sigurði Ólasyni, verið stefnt fyrir hönd félagsins, en samkvæmt áritun stefnuvottanna á áfrýjunarstefnuna hefir stefnan aðeins verið birt einum þessara manna, Helga Benediktssyni, en ekki hinum tveimur, og sézt þó ekki af skjölum málsins, að Helgi Benediktsson sé formaður stjórnar hins stefnda hlutafélags. Þessi birting stefnunnar er ófullnægjandi, og þar sem enginn hefir mætt í hæstarétti af hálfu stefndu, verður ex officio að vísa málinu frá réttinum, og fellur þá málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.
